

## Fyrirspurn

til innviðaráðherra um stuðning á húsnæðismarkaði.

Frá Guðrúnu Hafsteinsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar njóta stuðnings á húsnæðismarkaði, hvort sem er í formi húsnæðisbóta, hlutdeildarlána, stofnframlaga almennra íbúða, landsbyggðarlána, leiguíbúðalána, vaxtabóta eða annarra úrræða á vegum stjórnvalda, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
2. Hve margar íbúðar- eða búsetueiningar falla undir hvers konar úrræði stjórnvalda á húsnæðismarkaði, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.